

Þriðjudaginn 14. janúar 1986.

Nr. 205/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kalmanni Hafsteinsyni

Sólrúnu Elísdóttur og

(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Brot gegn 246. gr. alm. hegningarlaga. Ákæra. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1985 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. nóvember sl.

Fyrir Hæstarétti hafa málsaðilar lýst yfir því að eigi sé gerð krafa um að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði teknar til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma þær því eigi til úrlausnar, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ákæruliður I. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði Ólafur hafi brotið gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með tilraun til að selja innistæðulausan tékka. Ákærða Sólrún kannast við að hún hafi að beiðni Ólafs reynt að selja tékkann, en telur sér hafa verið ókunnugt um að tékkinn væri án innistæðu, enda hafi Ólafur sagt að ekkert væri athugavert við hann. Þessi framburður ákærðu er ósennilegur þegar öll atvik eru virt og í skýrslum sem ákærði og Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, er undirritað hafði tékkann, gáfu hjá lögreglu kemur fram að þeir hafi sagt ákærðu að tékkinn væri falsaður. Um þetta atriði var ákærði Ólafur ekkert spurður við meðferð málsins og Aðalsteinn kom þá ekki fyrir dóm. Hafa þannig eigi verið færð fram gögn í málinu sem hnekki þeirri staðhæfingu

ákærðu að henni hafi verið ókunnugt um það hvernig tékkinn var til kominn, og leiðir það til þess að sýkna verður ákærðu af þessum ákærulið.

Ákæruliður II. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um þennan ákærulið.

Ákæruliður III. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um þennan ákærulið og heimfæra brot ákærða Ólafs undir 246. gr. hegningarlaga í stað 244. gr. er ákæruskjal tilgreinir, enda hafa málflytjendur tjáð sig um þetta atriði við flutning málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Þess er að geta að í ákæru hefur láðst að tilgreina ártalið er brotið var framið (1984), en þrátt fyrir þann ágalla þykir mega dæma áfall á hendur ákærða, sbr. nefnt ákvæði laga nr. 74/1974.

Ákæruliður IV. Í ákæru er notkun tékka þeirra sem bera númerin 0526949 og 0526950 talin varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Tékkar þessir eru undirritaðir með nafninu Ragnar Johansen, en eigi þykja sönnur hafa verið færðar á það að um falsaðar nafnrítanir sé að ræða. Hitt er ljóst að ákærði Ólafur notaði tékka þessa, en engin innistæða var fyrir þeim. Þykir því eiga að refsá ákærða Ólafi samkvæmt 248. gr. hegningarlaga fyrir notkun allra þeirra fimm tékka sem um ræðir í þessum ákærulið, enda hafa málflytjendur fjallað um þetta atriði við flutning málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákæruliður V—IX. Fallast ber á niðurstöður héraðsdóms um þessa þætti ákæruskjals. Það athugast að í VI. lið ákæruskjals er fjárhæð tékkans eigi tilgreind, en hún var 1.500,00 krónur, og í IX. lið vantar tímasetningu brots (19. nóvember 1984), en skv. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 þykir þó fært að dæma áfall samkvæmt þessum ákæruliðum.

Með hiðsjón af ákvæðum þeim sem vitnað er til í héraðsdómi þykir refsing ákærða Ólafs hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði, refsing ákærðu Sólrúnar fangelsi 2 mánuði og refsing ákærða Sævars fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Átelja ber þá galla á ákæru sem að framan er lýst.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi 6 mánuði, ákærða Sólrún Elisdóttir fangelsi 2 mánuði og ákærði Sævar Arnfjörð Hreiðarsson fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu Ólafur og Sólrún greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur. Ákærði Sævar greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1985.

Ár 1985, föstudaginn 12. júlí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 409-411/1985: Ákærvaldið gegn Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Sólrúnu Elisdóttur og Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni, sem tekið var til dóms þann 5. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. maí sl. á hendur ákærðu Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, nú refsifanga, fæddum 27. október 1952 í Reykjavík, til lögheimilis að Stað, Höfnum Gullbringusýslu, Sólrúnu Elisdóttur, nú refsifanga, fæddri 4. maí 1956 í Reykjavík, til lögheimilis að Ferjubakka 10 hér í borg og Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni sjómanni, fæddum 23. september 1954 á Bildudal, til lögheimilis að Skúlagötu 54 hér í borg, sem hér segir: „I. Á hendur ákærðu Ólafi Kalmanni og Sólrúnu fyrir tilraunir til fjársvika með því að reyna, þriðjudaginn 21. ágúst 1984, að selja tékka á stolnu eyðublaði frá Sparisjóði Hafnarfjarðar nr. 2838499, að fjárhæð kr. 3.500, sem Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, fæddur 17. maí 1961, hafði gefið út án þess að eiga innistæðu í sparisjóðnum og ákærði Ólafur Kalmann framselt, stílaðan á handhafa, reikn. nr. 2612, valið af handahófi, dagsettan 19. ágúst 1984, eins og rakið er:

Í söluturninum á horni Laugavegs og Rauðarárstígs, Reykjavík.

Í Búnaðarbanka Íslands, Hlemmi, Reykjavík.

Í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Á hendur ákærða Ólafi Kalmanni fyrir tilraun til þjófnaðar með því að brjótast, aðfaranótt fimmtudagsins 15. nóvember 1984, inn í verslunina Óðinstorg við samnefnt torg í Reykjavík og leita að verðmætum til þess að stela.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III. Á hendur ákærða Ólafi Kalmanni fyrir að hafa, laugardagskvöldið 10. nóvember eða síðar um nóttina, slegið eign sinni á seðlaveski Kristjáns Kristjánssonar, fædds 1. apríl 1954, sem ákærði stal á veitingahúsinu „Óðali“ við Austurvöll í Reykjavík eða veitingastofunni „Pöbbinum“ við Hverfisgötu þar í borg, og í voru tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, Reykjavík, greiðslukort (Eurocard), persónuskilríki og 2.900 krónur í peningum og tékka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Á hendur ákærða Ólafi Kalmanni fyrir að gefa út eða selja tékka úr ofangreindu hefti og nota í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, eins og rakið er og enda þótt ákærði ætti ekki inni-stæðu fyrir tékkunum í bankanum:

1) Nr. 0526939, kr. 2.000.-, reikn. nr. 6456, til handhafa, útgefinn 11.11.84, seldur í söluturninum „Molanum“, Hringbraut 49.

2) Nr. 0526936, kr. 2.500.-, reikn. nr. 2157, til handhafa, útgefinn 10.11.84, með framsali ákærða, seldur í söluturninum, Hverfisgötu 74.

3) Nr. 0526949, kr. 2.000.-, reikn. nr. 4416, til handhafa, útgefinn 11.11.84 með fölsuðu nafni Ragnars Johansen, seldur „Tryggva hf.“, Hafnarstræti 7.

4) Nr. 0526941, kr. 1.500.-, reikn. nr. 1077, til handhafa, útgefinn 11.11.84, seldur í veitingastaðnum „Broadway“, Álfabakka 8.

5) Nr. 0526950, kr. 2.000.-, reikn. nr. 4466, til handhafa, með fölsuðu nafni Ragnars Johansen og framsali ákærða, seldur Sjúkrahúsi Keflavíkur-læknishéraðs.

Telst notkun ákærða á tékkum nr. 1, 2 og 4 varða við 248. gr. almennra hegningarlaga en tékkum nr. 3 og 5 við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

V. Á hendur ákærðu Sólrúnu fyrir að gefa út og nota í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík tvo tékka úr ofangreindu hefti, báða stílaða á handhafa, á reikninga, sem ákærða valdi af handahófi og án þess að hún ætti innistæðu í bankanum fyrir tékkafjórðunum, eins og rakið er:

1) Nr. 0526942, kr. 2.000.-, reikn. nr. 1924, útgefinn 11.11.84, seldur í „Hverfisbúðinni“, Hverfisgötu 117.

2) Nr. 0526943, kr. 4.500.-, reikn. nr. 1928, útgefinn 12.11.84, seldur í söluturninum „Molanum“, sem fyrr greinir.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Á hendur ákærðu Ólafi Kalmanni og Sólrúnu fyrir að gefa út og selja „Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna“, Nóatúni 7 í Reykjavík tékka úr ofangeindu hefti, nr. 0526944, á reikn. nr. 1184, útgefinn til handhafa 11.11.84 með nafni ákærða Ólafs Kalmanns og framsali ákærðu Sólrúnar, án þess að eiga innistæðu í bankanum.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Á hendur ákærðu Ólafi Kalmanni og Sævari Arnfjörð fyrir að nota í félagi ofangreint greiðslukort Kristjáns Kristjánssonar nr. 5414-8300-0516-7118 til þess að verða sér úti um vörur og þjónustu í Reykjavík og skuldfæra reikning Kristjáns hjá „Kreditkortum sf.“ og falsa um leið, til skiptis, nafn hans á úttektarnótur eins og rakið er:

Nr. 5350256, 13. nóvember 1984, kr. 346.-, veitingar í „Hollywood“, Ármúla 5.

Nr. 5350257, sama dag, kr. 68.- sama notkun, sama stað.

Nr. 5421163, 12. nóvember 1984, kr. 1.450.-, sama notkun í Lækjarbrekku, Bankastræti 2.

Nr. 5250090, 14. nóvember 1984, kr. 210.-, sama notkun á Hótel Borg, Pósthússtræti 11.

Nr. 5836456, sama dag, kr. 445.-, leiguakstur hjá „Steindóri sf.“.

Nr. 5250120, 12. nóvember 1984, kr. 242.-, veitingar á Hótel Borg.

Nr. 5836170, 14. nóvember 1984, kr. 105.-, leiguakstur hjá „Steindóri sf.“.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Á hendur ákærðu Ólafi Kalmanni fyrir að hafa, aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember 1984, brotið rúðu í söluturninum „Florida“, Hverfisgötu 74, Reykjavík í þjófnaðarskyni.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Á hendur ákærðu Sólrúnu og Sævari Arnfjörð fyrir að hafa, er þau voru stödd að Háteigsvegi 8 í Reykjavík, stolið frá húsráðandanum, Gunnari Bjarnasyni, útsaumaðri mynd, hitabrusa, ljósmyndavél, 2 veggplöttum, veggklukku, skrúfjárn, brauðhníf og rakvél.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Að morgni þriðjudagsins 21. ágúst sl. var ákærða Sólrún handtekin í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis við Skólavörðustíg. Hafði hún framvísað þar tékka nr. 2838499 á eyðublað frá Sparisjóði Hafnarfjarðar að fjárhæð kr. 3.500 á handhafa, útgefnum þann 19. sama mánaðar með útgefandanafninu Aðalsteinn G. Aðalsteinsson.

Ákærði Ólafur Kalmann útfyllti reikningsnúmer tékkans og fjárhæð hans í tölustöfum, en Aðalsteinn ritaði á hann fjárhæðina í bókstöfum, útgáfudag, mánuð og ár, orðið handahafa og nafn sitt á tveim stöðum. Í fyrstu skrifaði hann nafn sitt á miðjan tékkann, en ákærði Ólafur Kalmann benti honum þá á að það væri rangt. Ritaði hann þá nafn sitt neðst á tékkann fyrir miðju. Ákærði Ólafur Kalmann framseldi tékkann og síðar ákærða Sólrún með eigin nöfnum.

Ákærði Ólafur Kalmann og Aðalsteinn voru handteknir þar skammt frá.

Tékki þessi reyndist vera úr tékkhefti, sem ákærði Ólafur stal af drukkn-um manni þann sama dag.

Ákærði Ólafur Kalmann og Aðalsteinn G. Aðalsteinsson hittu ákærðu Sólrúnu á Hlemmi þennan sama dag og báðu hana að selja tékkann, og féllst hún á það. Ákærða framvísaði fyrst tékkanum í söluturni á horni Laugavegs og Rauðarárstígs en síðan í Búnaðarbankanum við Hlemm, en var vísað frá á báðum stöðum.

Ákærða Sólrún hefur borið að henni hafi ekki verið kunnugt um hvernig tékkinn var til kominn og að fyrir honum hefði ekki verið innistæða. Kveðst hún hafa hitt meðákærða Ólaf Kalmann á Hlemmi umræddan dag ásamt einhverjum manni, sem hún ekki þekkti, en hún kannaðist litillega við meðákærða. Ólafur Kalmann hafi sýnt henni tékkann og beðið hana að skipta honum, þar sem hann hefði sjálfur verið svo „sjúkskaður“. Hún hafi spurt hann hvort ekki væri allt í lagi með tékkann, og hann játað því. Ólafur Kalmann og sá sem með honum var biðu á Hlemmi á meðan hún reyndi að skipta tékkanum á tveim fyrstu stöðunum. Þá kom hún aftur að máli við þá og spurði Ólaf Kalmann enn hvort ekki væri allt í lagi með tékkann. Hafi Ólafur Kalmann enn játað því og þau þrjú þá farið saman í ofangreindan sparisjóð, en ákærðu hafði verið bent á það í Búnaðarbankanum að fara með tékkann í einhvern sparisjóð. Á meðan ákærða fór inn biðu þeir meðákærði og Aðalsteinn fyrir utan.

Ákærði Ólafur og Aðalsteinn hafa hins vegar báðir borið að ákærðu hafi verið það ljóst að ekki var allt með felldu með tékkann, því þeir hafi sagt henni að tékkinn væri falskaður, og hún hafi viljað fá kr. 1.000 fyrir að skipta honum, en þeir ekki fallist á það. Ákærða hefur mótmælt þessum framburði, en borið að hún hafi þó vænst þess að fá eitthvað fyrir sinn snúð, þó hún hafi ekki farið fram á það.

Ákærða Sólrún tók að sér að selja tékka fyrir meðákærða, sem hún þekkti litillega og útgefanda tékkans, sem hún vissi engin deili á, og gat því ekki treyst því, að innistæða væri í sparisjóðnum fyrir tékkanum. Ákærði Ólafur Kalmann og Aðalsteinn G. Aðalsteinsson voru báðir undir áfengisáhrifum og illa til reika, þá er þeir báðu ákærðu að skipta tékkanum, sem bar þess greinileg merki að hann var útfylltur af vankunnáttu.

Ákærðu Sólrúnu hlaut að vera ljóst eins og í pottinn var búið að ekki væri allt með felldu með tékkann. Þykja ákærðu bæði með háttsemi sinni hafa gerst sek um brot gegn 248. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt fimmtudagsins 15. nóvember sl. braust ákærði í þjófnaðarskyni inn í verslunina Óðinstorg, Óðinstorgi 5 hér í borg. Íbúi í húsinu heyrði brothljóð, er ákærði braut rúðu verslunarinnar og gerði lögreglu viðvart. Er ákærði varð var mannaferða tók hann til fótanna, en var handtekinn á Skólavörðustíg skömmu síðar. Honum hafði ekki gefist ráðrúm til að stela nokkru.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem fram er komið í málinu, þykir framangreind háttsemi ákærða sönnuð, og varðar hún við 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Er ákærði Ólafur Kalmann var handtekinn í ofangreint sinn á Skólavörðustíg fannst í fórum hans seðlaveski með skilríkjum Kristjáns Kristjánssonar, Lambhóli við Þormódsstaðaveg. Gat hann enga skýringu gefið á því hvers vegna veskið var í hans vörslum. Var því hald lagt á það.

Ákærði kveðst hvorki muna hvar hann fann veskið né hvort hann fann það eða stal því, en telur að hann hafi fundið það á gólfinu í Pöbbum við Hverfisgötu. Í veskinu var tékkhefti Kristjáns Kristjánssonar á Útveggsbanka Íslands og Eurocard hans, útfylltur tékki nr. 515995 að fjárhæð kr. 2.500 úr ofangreindu hefti, útgefinn af eigandanum þann 5. sama mánaðar, sem ákærði framseldi með eigin nafni og seldi í matvöruverslun, svo og 40 kr. í peningum og persónuskilríki.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við það sem fram er komið í málinu, þykir sannað að hann sló eign sinni á ofangreint seðlaveski með því sem í því var. Ekki er ljóst hvort ákærði stal veskinu eða fann það. Verður hann því ekki sekur fundinn um þjófnað á því, heldur þykir taka hans á því varða við 246. gr. alm. hegningarlaga.

Eigandi veskisins Kristján Kristjánsson hefur krafist þess, „að sá sem stal þessum verðmætum frá kæranda, verði dæmdur til að greiða kæranda skaðabætur“.

Kröfunni er vísað frá dómi, þar sem hún er óljós og ósundurliðuð.

IV.

Ákærði seldi úr ofangreindu tékkhefti þá fimm tékka, sem rétt er lýst að allri gerð í þessum kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 10.000, án þess að eiga innistæðu í bankanum fyrir þeim. Tékkana seldi hann alla í stað-

greiðsluviðskiptum dagana 11.—14. nóvember sl., svo sem lýst er í ákær-
unni. Útfyllti hann sjálfur framhlið tékkanna í 1. og 4. lið, en hvorugur
tékkanna er framseldur. Tékkana í lið 2, 3 og 5 framseldi hann með eigin
nafni, en kvaðst ekki vita hver útfyllti framhlið þeirra, enda hafi hann verið
í óreglu og sukki á þessum tíma.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins telst
framangreind háttsemi hans sönnuð. Telst sala hans á hinum fölsuðu tékk-
um í 3. og 5. lið varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, en sala
hans á tékkunum í 1., 2. og 4. lið við 248. gr. sömu laga.

— — —

V.

Ákærða Sólrún gaf út í eigin nafni og seldi þá tvo tékka úr ofangreindu
tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands, sem rétt er lýst að allri gerð í þessum
kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 6.500. Tékkana notaði hún í stað-
greiðsluviðskiptum á þeim stöðum, sem greint er frá í ákærinni. Hún átti
engja innistæðu í bankanum fyrir andvirði tékkanna. Ákærða kveðst hafa
fengið tékkaeyðublöð þessi hjá meðákærða Ólafi, en hann kveðst ekki
minnast þess að hafa látið hana hafa þau.

Með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins telst framangreind hátt-
semi hennar sönnuð, og varðar hún við 248. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

VI.

Ákærða Sólrún hefur viðurkennt að hún hafi framselt og selt tékka úr
ofangreindu tékkhefti á eyðublað nr. 0526944 að fjárhæð kr. 1.500, útgef-
inn til handhafa þann 11. nóvember 1984 með útgefandanafni ákærða
Ólafs Kalmanns. Tékkinn er framseldur af ákærðu og Regnboganum. Vissi
ákærða að ekki var innistæða fyrir tékkanum. Kveðst hún hafa fengið
tékkana hjá meðákærða Ólafi, sem hafi gefið tékkann út.

Við yfirheyrslu fyrir RLR kannaðist ákærði Ólafur Kalmann við rithönd
sína á tékkanum sem útgefandi, en minntist þess ekki hverjum hann afhenti
tékkann. Fyrir dómi kannaðist hann hins vegar hvorki við að hafa gefið
tékkann út né að hafa látið ákærðu hafa eyðublöð úr þessu hefti.

Þrátt fyrir það að ákærði dró fyrir dómi til baka fyrir framburð sinn
um það að hann hefði gefið út tékkann, þykir með hliðsjón af framburði
ákærðu Sólrúnar sannað að tékkinn hafi komist í hendur hennar fyrir til-
stuðlan ákærða, sem hlaut að vera ljóst að tékkinn yrði seldur, enda hafði
ákærða fengið tvo aðra tékka úr sama tékkhefti hjá ákærða. Þykir því ekki
varhugavert að telja sannað að ákærðu hafi bæði veitt atbeina sinn til sölu

tékkans, og með því gerst brotleg við 248. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þau eru ákærð fyrir.

Engin fébótakrafa var höfð uppi vegna tékka þessa, enda liggur hann frammi í málinu í ljósriti.

VII.

Ákærði Ólafur Kalmann framvísaði greiðslukorti Kristjáns Kristjánssonar, sem að framan getur, á þeim sjö stöðum, sem getið er í þessum kafla ákæru, dagana 12.—14. nóvember sl. og varð sér með þeim hætti úti um vörur og þjónustu samtals að fjárhæð kr. 2.866, sem skuldfærðar voru á reikning Kristjáns hjá Kreditkortum sf. Falsaði ákærði Ólafur Kalmann nafn Kristjáns Kristjánssonar á úttektarnótu þær, sem greindar eru í ákærunni að undanskilinni nótu nr. 5836170, sem ákærði Sævar Arnfjörð hefur viðurkennt að hafa falsað nafn Kristjáns á. Ákærði Ólafur Kalmann kvað þá Sævar hafa tekið út framangreindar vörur og þjónustu í félagi, en ákærði Sævar Arnfjörð hefur einungis kannast við að hafa verið með honum þá er þeir framvísuðu greiðslukortinu fyrir leiguakstri í tvö skipti hjá Steindór sf. og hafi hann falsað undirritun á aðra úttektarnóta svo sem að framan segir en meðákærði á hina, þ.e. 5836456.

Með játningu ákærðu beggja þykir sannað að þeir hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gert að sök í þessum kafla ákæru, að öðru leyti en því, að ekki þykir sannað gegn neitun ákærða Sævars Arnfjörðs að hann hafi tekið þátt í notkun greiðslukortsins og neyslu á þeim vörum, sem fékkst gegn framvísun þess, nema að því er varðar það sem hann hefur játað, þ.e. fyrir leiguakstri hjá Steindóri sf. sbr. úttektarnótur nr. 5836456 og 5836170.

Þykir þessi verknaður ákærðu beggja varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

VIII.

Aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember sl. voru lögreglumenn kvaddir að söluturninum Florida, Hverfisgötu 74 vegna grunsamlegra mannaferða. Ákærði Ólafur Kalmann var handtekinn þar skammt frá. Hafði hann brotið rúðu í söluturninum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gert tilraun til að brjótast inn í söluturninn í þjófnaðarskyni, en þegar lögregluna bar að hljópst hann á brott.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 244. gr. sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

Engin fébótakrafa var uppi höfð vegna framangreinds rúðubrots.

Að morgni mánudagsins 19. nóvember sl. voru ákærðu Sólrún og Sævar Arnfjörð handtekin ásamt þriðja manni í Áningu á Hlemmi, þar sem grunur lék á að þau væru með þýfi. Reyndist hér um að ræða poka með útsaumaðri mynd í ramma, hitabrusa, gamalli Kodak myndavél í leðurhulstri, tveimur veggplöttum, veggklukku, skrufjárnri, brauðhnif og rakvél. Munir þessir reyndust vera í eigu Gunnars Bjarnasonar, Háteigsvegi 8, R.

Ákærðu hittu framangreindan mann á Hlemmi, og að sögn ákærðu bauð hann þeim heim til drykkju, en áður en til þess kom var hann handtekinn vegna ölvunar. Ákærðu fóru þá að heimili hans, en ákærðu höfðu tekið lykla að íbúðinni úr vasa mannsins, skömmu áður en hann var handtekinn. Þar héldu þau áfram drykkju.

Ákærði Sævar Arnfjörð kveðst hafa sofnað, en vaknað við það að meðákærði var að setja eitthvert dót í pappakassa og hann hafi hjálpað henni við að setja mynd í plastpoka svo og aðstoðað hana við að bera þýfið út úr húsinu, en meðákærða hafi haft á orði að hún ætlaði að selja dótið. Þau hafi borið þýfið niður á Hlemm, þar sem þau skömmu síðar voru handtekin.

Ákærða Sólrún kvað meðákærða hins vegar hafa stolið þessum hlutum, hún hafi ekki komið nálægt því. Við samprófun hjá RLR viðurkenndi hún hins vegar að hafa aðstoðað meðákærða við að tína dótið saman og bera það út úr íbúðinni.

Við samprófun fyrir dómi kvaðst ákærði Sævar ekki minnast þess að hafa sett þýfið í kassa, en mótmælti ekki þeim framburði meðákærðu að hann hefði sett framangreinda mynd í kassann. Ákærða Sólrún kvaðst ekki geta fullyrt hvort þeirra kom þýfinu fyrir, áður en það var borið út. Ákærðu hafa hins vegar bæði viðurkennt að þau hafi borið þýfið saman út úr húsinu og niður á Hlemm, en hvorugt hefur kannast við að hafa ætlað að slá eign sinni á þýfið, en vísað í því efni hvort á annað og borið við minnisleysi vegna áfengis- og lyfjaneyslu.

Með framburði ákærðu beggja, svo og öðru því sem fram er komið í málinu, þykir fyllilega sannað að ákærðu stóðu saman að því að bera framangreinda muni í heimildarleysi út úr húsi eiganda þeirra. Með þeirri háttsemi hafa bæði gerst sek um þjófnað, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ólafs Kalmanns hefur hann frá árinu 1981 5 sinnum gengist undir dómsátt, þar af tvívegis fyrir umferðarlaga-brot, tvívegis fyrir fjársvik og einu sinni fyrir tollalagabrot. Þá hefur hann hlotið þessa residóma:

1981 12/8 2 mánaða fangelsi, þar af 1 mán. skb. í 2 ár fyrir þjófnað.

- 1982 9/12 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, ölvun við akstur og fikniefnabrot. Sviptur ökuleyfi í 10 mánuði.
- 1983 12/9 Sakfelldur fyrir þjófnað. Refsing ekki dæmd.
- 1983 8/11 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 9/12 1982: 3 mánaða fangelsi.
- 1984 28/11 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og þjófnaðartilraun.

Samkvæmt sakavottorði Sólrúnar og öðru því, sem fyrir liggur hefur hún á árunum 1972—1982 4 sinnum gengist undir dómsátt, þrívægis vegna ölvunar á almannafæri, einu sinni vegna ölvunar við akstur. Þá varð hún á árinu 1972 tvívægis uppvis að skjalafalsi og einu sinni þar af vegna þjófnaðar, en ákæru frestað í bæði skiptin skilorðsbundið í 2 ár.

Þá hefur hún hlotið þessa refsidóma:

- 1974 3/5 6 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað.
- 1977 11/7 Sekt og ökuleyfisvipting vegna ölvunar við akstur.
- 1978 7/11 2 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir skjalafals og fjársvik.
- 1982 3/6 Sekt og ökuleyfisvipting fyrir ölvun við akstur og ýmis umfl.brot.
- 1985 25/3 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.
- 1985 30/4 20.000 kr. sekt. Svipt rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt fyrir ölvun við akstur o.fl. umfl.brot.
- 1985 19/6 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. alm. hgl.
- 1985 28/6 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. alm. hgl.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sævars Arnfjörðs hefur hann frá árinu 1973 þrívægis gengist undir dómsátt, þar af tvívægis vegna ölvunar á almannafæri og einu sinni vegna fikniefnabrots. Árið 1971 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í 2 ár vegna þjófnaðar.

Þá hefur hann sætt þessum refsidómum:

- 1974 2/9 3 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir þjófnað.
- 1974 4/9 15 daga varðhald fyrir ölvun við akstur. Sviptur rétti til ökuleyfis.
- 1975 10/7 10 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi.
- 1975 13/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Refsing ekki dæmd.
- 1975 11/12 2 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir rán.
- 1976 25/3 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik.
- 1977 16/8 4 ára fangelsi fyrir rán.

- 1980 11/12 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
 1981 23/1 Sekt og ökuleyfissvipting fyrir ölvun við akstur.
 1982 29/8 1 árs fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnaðartilraun.
 1982 23/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ekki dæmd refsing. Hegningarauki.

Viðurlög:

Refsing ákærða Ólafs Kalmanns þykir með hliðsjón af sakarferli hans, 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga og því, að hann hefur ekki bætt fyrir brot sín, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Refsing ákærðu Sólrúnar þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga og því, að hún hefur ekki bætt fyrir brot sín, hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Sævars Arnfjörðs þykir með hliðsjón af sakarferli hans og 77. gr. alm hegningarlaga hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Skaðabætur:

Um framkomnar skaðabætur hefur verið fjallað hér að framan. Verða ákærðu dæmd til greiðslu þeirra sem hér segir:

— — —

Þá er ákærða Sólrún dæmd til að greiða skipuðum verjanda sínum Indriða Þorkelssyni hdl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað eru ákærðu öll dæmd til að greiða in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærða, Sólrún Elisdóttir, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði, Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Ólafur Kalmann greiði eftirtöldum skaðabætur:

Söluturninum Molanum, Hringbraut 49, R., kr. 2.000, Söluturninum Hverfisgötu 74, R., kr. 2.500 ásamt dómvöxtum frá 12. nóvember 1984 til greiðsludags, Tryggva hf., Hafnarstræti 7, kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 14. nóvember 1984 til greiðsludags, Veitingahúsinu Broadway, R., kr. 1.500 og Kreditkortum sf., R., kr. 2.316.

Ákærða Sólrún greiði eftirtöldum skaðabætur:

Söluturninum Molanum, Hringbraut 49, R., kr. 4.500 og Hverfisbúðinni Hverfisgötu 117, R., 2.000 ásamt dómvöxtum frá 12. nóvember 1984 til greiðsludags.

Ákærðu Ólafur Kalmann og Sævar Arnfjörð greiði in solidum Kreditkortum sf., R., kr. 550.

Ákærða Sólrún greiði verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hdl., kr.

8.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Fimmtudaginn 15. janúar 1986.

Nr. 297/1984. **Búi Grétar Vífilsson**
 (Arnmundur Backman hrl.)
 gegn
Ólafi Óskarssyni
 (Skarphédinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. september s.á. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 16.180,04 krónur „með 45% ársvöxtum frá 6. febrúar 1983 til 21. september sama ár, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 13. október sama ár, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þ.e. með 39% ársvöxtum frá 13. október 1983 til 21. október sama ár, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara „að áfrýjunarfjárhæð verði lækkuð í kr. 9.058,00 með viðeigandi vöxtum og málskostnaður felldur niður.“